

Starfsáætlun

Skarðshlíðarleikskóla

2022 – 2023



Formáli

Samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008 vinna leikskólar eftir aðalnámskrá leikskóla. Samkvæmt henni vinnur hver og einn leikskóli upp sína skólanámskrá þar sem fram kemur á hvern hátt leikskólinn uppfyllir þau viðmið sem þar eru sett fram.

Leikskólar gera starfsáætlun þar sem fjallað er um árlega starfsemi leikskólans, birt skóladagatal og ýmsar aðrar hagnýtar upplýsingar um skólahlald hvers leikskóla. Áætlunin þarf að fá umsögn foreldraráðs áður en fræðsluráð tekur hana til afgreiðslu samkvæmt lögum um leikskóla.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Hún á að sýna starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum hvernig starf leikskólans gekk á síðasta leikskólaári og hvernig unnið verði að umbótum og nýjum verkefnum á því næsta.

Í starfsáætlun leikskólans skulu koma fram:

- Matsaðferðir leikskólans og umbótamiðuð áætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats.
- Áherslur í leikskólastarfinu sem ætlunin er að vinna að, markmið, leiðir að markmiðunum, áætlun um hvernig þau verða metin.
- Jafnréttisáætlun.
- Áherslur í starfsáætlun fræðsluviðs sem leikskólinn vinnur að.
- Starfsþróunaráætlun leikskólans og upplýsingar um starfsmannamál.
- Fjöldi barna, kynjahlutfall, dvalarstundir, fjöldi barna sem njóta sérkennslu og fjöldi barna af erlendum uppruna.
- Upplýsingar um foreldraráð, foreldrafundi og foreldraviðtöl.
- Umsögn foreldraráðs.
- Skóladagatal fyrir árið.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til Þróunarfulltrúa leikskóla fyrir 1. júlí ár hvert. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir fræðsluráð til samþykktar.

Tekið skal fram að leikskólar gera jafnréttisáætlun nú og skal hún koma með starfsáætlun sem viðhengi.

Efnisyfirlit

Formáli.....	2
1. Inngangur	5
2. Mat á leikskólastarfi og umbótaáætlun	7
2.1 Matsáætlun skólaárið 2022-23.....	7
2.2 Innra mat leikskólans.....	8
2.2 Húsnæði og lóð.....	9
2.3 Ytra mat.....	9
2.3. Umbótaáætlun samkvæmt niðurstöðum innra- og ytra mats.....	10
3. Áherslur í starfi leikskólans.....	11
3.1 Áherslur leikskólans næsta starfsár.....	11
4. Starfsmannamál	13
4.1. Starfsmannahópurinn 1. maí 2022.....	13
4.2 Starfsþróunarsamtöl.....	13
4.3 Símenntun frá síðasta ári.....	13
4.4 Áætlun um símenntun í leikskólanum.....	14
5. Aðrar upplýsingar	15
5.1 Barnahópurinn 1. maí 2022.....	15
5.2 Foreldrasamvinna.....	15
5.3 Samstarf leik- og grunnskóla	15
5.4 Almennar upplýsingar	16
5.5 Áætlanir.....	16
Fylgirit.....	17
• Matsgögn.....	17
• Leikskóladagatal	17
• Umsögn foreldraráðs.....	17
• Annað	17

1. Inngangur

Skarðshlíðarleikskóli tók til starfa 9. ágúst 2019. Starfsemi skólans byggir á lögum um leikskóla nr. 90/2008, reglugerð um starfsumhverfi leikskóla nr. 655/2009, reglugerð um mat og eftirlit í leikskólum nr. 893/2009, skólustefnu Hafnarfjarðar og á Aðalnámskrá leikskóla (2011).

Blessaður heimsfaraldurinn hélt áfram að setja svip sinn á starfið okkar og varð til þess að heimastofur þurftu að loka nokkrum sinnum vegna sóttkvíar og/eða faliðunar. Oft á tíðum hafði faraldurinn áhrif á foreldrasamstarf og dagleg samskipti en þeir sýndu ótrúlegan skilning, þolinmæði og samvinnu sem við erum mjög þakklát fyrir. Mikil gleði ríkti þegar leikskólinn gat opnað aftur á aðgengi foreldra inn í leikskólann og upplifðu foreldrar eins og þeir væru að óþekktast þegar þeir tóku fyrstu skrefin í bygginguna. Viðburðir sem við vildum festa í sess í samvinnu við foreldra féllu einhverjir niður en ólíkt árinu áður náðum við ekki bara að halda sumarhátíðina í júní með þeim heldur gátum við boðið þeim í sólarkaffi og ömmum og öfum í kaffi.

Í skólanum er litið á leikinn sem helstu náms- og þroskaleið barnsins, út frá forsendum þess. Við teljum mikilvægt að hlúa vel að leikum, skapa honum gott rými jafnt í skipulögðum verkefnum sem og í frjálsum leik. Við nýtum húsnæði leikskólans vel fyrir leik barna með áherslu á að hlusta á raddir þeirra og frelsi til að hafa áhrif á val í leik sínum.

Stefna leikskólans tekur mið af Fjölgreindarkenningu Howard Gardner. Markmiðið er að stuðla að vellíðan barna í leikskólanum og styrkja sjálfsmynd þeirra með því að kenna börnum lýðræði, efla frumkvæði þeirra og sjálfstæði sem virkir þátttakendur í öllu leikskólastarfinu. Þekking starfsfólks á hugmyndafræðinni hefur verið að aukast og var unnið markvissar með greindirnar inni á öllum heimastofum. Í vor fóru deildarstjórar á fullt í að undirbúa innleiðingu á Hringekju og breyttu dagsskipulagi. Markmiðið er að auka samvinnu og flæði á milli samliggjandi heimastofa, nýta mannauðinn, auka markvisst starf út frá fjölgreindakenningunni og ýta undir lýðræðislegt val barna og sjálfstæði. Í breyttu dagsskipulagi mun matstofan okkar fara aftur í þær horfur sem við byrjuðum á með fyrir covid. En sú hugmyndafræði gengur út á að ýta undir lýðræði, sjálfsbjörg, sjálfstæði, virðingu og val barna í matartíma. Einnig mun samvinna milli heimastofa verða mikil og fækka starfsfólki í matstofu á meðan á matartíma barna stendur svo sem minnst truflun verði af starfsfólki.

Í Skarðshlíðarleikskóla eru unnið eftir Uppbyggingarstefnunni en hún byggir á hugmyndafræði Diane Gossen frá Kanada. Markmiðið er að styrkja einstaklinginn í að vera sá sem hann vill vera með hliðsjón af eigin sannfæringu frekar en að stjórnast út frá geðþótta annarra. Sýn Uppbyggingarstefnunnar er að við séum öll með fimm grunnþarfir sem við þurfum að hafa jafnvægi á svo okkur líði vel. Grunnþarfirnar eru: öryggi, að tilheyra, að hafa áhrif, gleði og frelsi. Uppeldi til ábyrgðar er í senn aðferð og stefnumörkun leikskólans til að stuðla að betri samskiptum, að kenna jafnt börnum og starfsfólki sjálfsaga, sjálfstjórn og styrkingu sjálfsaga. Þannig viljum við ná að skapa skólabrag sem einkennist af jákvæðum samskiptum, samheldni og umhyggju. Haldið verður áfram af fullum krafti við að innleiða vinnu með starfsfólki og börnum á komandi skólaári. Auk þess verður farið í sáttmálagerð með starfsfólki og einnig með barnahópnum inni á hverri heimastofu fyrir sig.

Samstarfsverkefni leik-, grunn- og tónlistarskólanna í Skarðshlíð gekk vel í vetur og enn bættust við sameiginleg verkefni og nýting á mannauði. 23. ágúst 2021 var sameiginlegur skipulagsdagur fyrir hádegi þar sem starfsfólk fékk kynningu á hverju skólastigi ásamt samstarfsverkefninu *Saman í takt*. Auk þess var boðið upp á mjög góðan fyrirlestur um áhrif tónlistar á heila- og málþroska barna.

Tónmenntakennari sem var ráðinn inn í grunnskólann sá einnig um tónlistarstundir í leikskólanum og var mjög skemmtileg og góð viðbót við okkar starf. Hann sá einnig um að skipuleggja og halda utan um sameiginlegar söngstundir fyrir nemendur leik- og grunnskólans ásamt fleiri verkefnum. Leik- og grunnskólinn héldu sameiginlegan umhverfisdag þar sem allir sem vettlingi gátu valdið tíndu rusl og gerðu umhverfið fallett.

Leikskólinn hefur haft aðgang að íþróttahúsi grunnskólans þar sem hver heimastofa hefur farið að minnsta kosti einu sinni í viku í íþróttir við mikinn fögnuð barnanna. Bókasafnið hefur líka verið nýtt í sögustundir og bækur fengnar þar að láni. Við erum full tilhlökkunar fyrir enn frekara samstarfi næsta vetur.

2. Mat á leikskólastarfi og umbótaáætlun

2.1 Matsáætlun skólaárið 2022-23

Matspáttur	Hvenær/hve oft metið	Matsaðferð	Þátttakendur í mati
Dagskipulag	Mánaðarlega á hverri heimastofu. Sameiginlega á skipulagsdegi í janúar og maí 2023.	Eiginleg og skráð í fundargerðir.	Allir starfsmenn
Hringekja og Fjölgreindar kenningin	Deildarstjórar funda reglulega. Metið mánaðarlega á heimastofufundum. Sameiginlega á skipulagsdegi í janúar og maí 2023.	Eiginleg og skráð í fundargerð. Skráningar um val barna.	Allir starfsmenn og eldri börn leikskólans.
Matstofa	Nefnd fundar eins og þurfa þykir. Reglulega metið á heimastofufundum. Sameiginlega á skipulagsdegi í janúar og maí 2023.	Eiginleg og skráð í fundargerð.	Allir starfsmenn og eldri börn leikskólans.
Uppeldi til ábyrgðar	Einn starfsmannafund á önn.	Spurninga listar	Allir starfsmenn
Sáttmálagerð	Reglulega metið á hverri heimastofu. Sameiginlega á skipulagsdegi í janúar og maí 2023.	Eiginleg og skráð í fundargerð.	Allir starfsmenn
Stytting vinnuviku	Nefnd fundar reglulega og metur framgang. Starfsfólk tekur þátt í mati þegar verkefnið er farið af stað.	Spurninga listar	Allir starfsmenn

2.2 Innra mat leikskólans

Í starfsáætlun fyrir skólaárið 2021-22 var áætlað að meta Fjölgreindarkenninguna, matstofu, grunnþætti menntunar, Uppeldi til ábyrgðar, jólaundirbúning og styttingu vinnuviku. Allir þættir voru ræddir reglulega yfir skólaárið á skipulagsdögum og á deildarstjóra-, heimastofu- og starfsmannafundum. Því miður tókst okkur ekki að vinna með suma af þessum þáttum eins markvisst og við hefðum viljað en þar spilaði helst heimsfaraldur og faliðun inn í.

- **Fjölgreindarkenningin** – Á heimstofufundum var reglulega rætt um hvernig unnið hafi verið með greindirnar markvisst í starfi. Í vor funduðu deildarstjórar mjög reglulega um hvernig vinna mætti markvissari með Fjölgreindarkenninguna í svokallaðri *Hringekju* í breyttu dagskipulagi sem stendur til að innleiða í haust.
- **Matstofa** – Vegna heimsfaraldurs var ákveðið að fara ekki af stað með innleiðingu á henni fyrr en næst komandi haust. Við fengum þó kynningu á skipulagsdegi í janúar frá aðstoðarleikskólastjóra Bjarkalundar sem og sett var á laggirnar nefnd til að innleiða matstofuna næsta haust. Allar heimastofurnar eru þegar farnar að prófa sig áfram í flæðandi matartíma og gengur það mjög vel.
- **Grunnþættir menntunar** – Unnið er með alla þætti í daglegu starfi. Í foreldrakönnun sem gerð var í mars á þessu ári kom mikil ánægja foreldra í ljós með framfarir barna í læsi. Það staðfestir okkar tilfinningu. Starfsfólk kallaði eftir dýpri þekkingu á öllum grunnþáttum en mesta áherslan hefur verið á læsi hingað til. Fyrirlestur var um Grunnþættina í maí og tók starfsfólk mjög virkan þátt í samtali um þátt starfsfólks í að efla þá hjá börnum. Kom mjög greinilega fram þar hvað Fjölgreindarkenningin spilar flott samspil með grunnþáttum menntunar.
- **Uppeldi til ábyrgðar** – Á öllum heimstofum var rætt reglulega um hvernig starfsfólki gangi að nýta sér *Okkar leiðir* í starfi með börnum og hvernig orðræðu það vill temja sér. Á veggjum leikskólans eru minnismiðar og plaköt starfsfólki til hjálpar. Á einni heimastofu var nemi í starfsnámi sl. vetur undir leiðsögn aðstoðarleikskólastjóra. Verkefni hans var að innleiða ákveðna starfshætti Uppeldi til ábyrgðar hjá starfsfólki. Verkefnið gekk vel og sjá stjórnendur möguleika í að nýta það inn á aðrar heimastofur. Í maí var haldinn fyrirlestur fyrir starfsfólk þar sem rifjaðar voru upp helstu áherslur Uppeldi til ábyrgðar og verkfærin sem starfsfólk getur nýtt sér. Í haust er áætlað að vinna með Starfsmannasáttmála í anda Uppeldi til ábyrgðar og í kjölfarið af því verður unnið með börnum á hverri heimastofu að gerð heimastofusáttmála.
- **Jólaundirbúningur** – Þetta árið gekk undirbúningur ágætlega en eingöngu gafst tími til að meta það á deildarstjórafundum. Þar kom helst fram að passa þurfi upp á að byrja nógu tímanlega og sérstaklega hvað varðar efniskaup. Einhver umræða var um hvort ætti að festa niður hvaða efnivið hver árgangur vinnur með svo börn geri ekki svipaðar gjafir á milli ára og svo verkefni verði meira ögrandi eftir því sem börnin eldast.
- **Stytting vinnuviku** - Sett var á nefnd með fulltrúa úr hverju stéttarfélagi til að innleiða og meta reglulega styttingu vinnuviku. Farið var af stað með 13 mínútna styttingu sem starfsfólk safnaði saman í eina styttingu eða tvær hálfar styttingar í mánuði eftir því sem hentaði hverri heimastofu og starfsmanni. Starfsfólk var almennt ánægt með að fá styttingu en þótti þó skapast of mikið álag á þá sem eftir voru þegar aðrir fóru í styttingu. Nefndin mun halda áfram að skoða leiðir í samstarfi við aðra leikskóla Hafnarfjarðar.

2.2 Húsnæði og lóð

Starfsmenn leikskólans hafa sinnt daglegu eftirliti með útisvæði leikskólans. Á hverjum virkum morgni er gengið um garðinn til að athugað með rusl, hvort leiktæki séu í lagi, hlið lokuð og hvort einhverjar hættur leynist á svæðinu. Skráð er í bók og leikskólastjóri látinn vita ef eitthvað er að. Áberandi mikið rusl safnast á lóðinni af byggingarsvæðunum í kring og veldur oft auknu álagi á starfsfólk a það.

Heilbrigðiseftirlitið kom í eftirlit í júní 2022 og tók út leikskólabygginguna og lóðina. Athugasemd var gerð við klemmuhættu á salernisbásunum inni á tveimur eldri deildunum. Utanálíggjandi ofnalagnir eru til staðar sem geta valdið brunahættu og eiga að vera hlífar á þeim. Eins eru hvassar brúnir á ofnum sem þarf að setja hlífar á. Gerð var athugasemd á að ræstikompa sem tilheyrir fyrirtækjaþjónustu ræstinga var ólæst. Á útilóðinni var eftirlitsaðila bent á slysgildru, sem leikskóastjóri hefur frá opnun leikskólans óskað eftir úrbótum á, en það er fallhætta á einum stað í kastala. Eftirlitsaðili var sammála því að þetta þyrfti að laga.

2.3 Ytra mat

Skólaskrifstofa stendur fyrir foreldra- og starfsmannakönnun annað hvert ár og voru þær lagðar fyrir í mars á þessu ári. Svarhlutfall foreldra í Skarðshlíðarleikskóla var 87,7%. Helstu niðurstöður sýndu að mikil ánægja er með leikskólann. Foreldrum þótti mega bæta samskipti við sig og þá sérstaklega hvað varðar upplýsingagjöf um hvað börnin voru að gera dags daglega. Í opnum svörum kom fram að líklega megi að einhverju leyti segja að covid hafi haft áhrif á minni samskipti en þess þá heldur hefði þurft að senda fleiri tölvupósta um hvað væri verið að gera á daginn í leikskólanum. Fram kom þó að starfsfólk var áhugasamt og samstarfsfúst þegar foreldrar ræddu við það um börnin. Karellen appið var mikið gagnrýnt fyrir að ekki væri hægt að treysta á að upplýsingar bærust á milli.

Foreldrar voru 100% ánægðir með stjórnun leikskólans og var það mjög ánægjulegt að sjá. Eins var mikið gleðiefni að sjá að foreldrar töldu börnin sín 100% ánægð í leikskólanum og eins að húsnæði og aðstaða væri upp á tíu. Fjarlægð bílastæða frá leikskólanum var gagnrýnd eins og alltaf.

Þátttaka foreldra í leikskólastarfinu var eins og á landsvísu lítil og er von allra að hún geti orðið meiri á næsta skólaári. Foreldrar voru almennt ánægðir með aðlögunarferlið og þótti þeim þeir kynnast vel leikskólastarfinu á meðan á aðlögun stóð. Þó mætti passa upp á á sumum heimastofum að starfsfólk kynnti sig og léki meira við börnin.

Foreldrum þótti þeir ekki fá að taka nægilegan þátt í undirbúningi að flutningi milli skólastiga og á milli heimastofa.

Rafræn megindleg könnun var lögð fram fyrir starfsfólk auk möguleika til opinna svara. Svarhlutfall í Starfsmannapúlsinum var 70,4% eða 19 starfsmenn af 27.

Helstu niðurstöður sýndu að vinnuálag var of oft mikið. Aðallega vegna aðstæðna sem leikskólinn réð ekki við, til að mynda covid og stytting vinnuvikunnar. Einnig þykja of stórir barnahópar, of fátt starfsfólk og veikindi skapa aukið álag.

Starfsfólki þykir skýrt hvers er vænst af þeim, hver markmið þess eru og ábyrgð. Því þykir kunnátta sín og færni nýtast vel í starfi og starfið vera mikilvægt og krefjandi í jákvæðri merkingu.

Starfsandinn þykir almennt góður, hvetjandi og styðjandi. Þó þykir svolítið um slúður og baktal. Tveir starfsmenn hafa orðið fyrir einelti eða áreitni á vinnustaðnum og þrír starfsmenn hafa orðið vitni að því að starfsmaður/menn hafi verið lagðir í einelti.

Stjórnendur/næsti yfirmaður fá góða einkunn þegar kemur að stuðningi, hjálp og hlustun undirmanna og eins upplifir starfsfólk að vinnuframlag þess sé vel metið. Það upplifir einnig að það mæti réttlæti og jafnræði þegar kemur að úthlutun verkefna og framkomu í sinn garð og hvatningu til að auka færni sína í starfi. Þó mætti skoða hvatningu næsta yfirmanns í þátttöku starfsfólks í mikilvægum ákvörðunum. Starfsfólk segir almennt hugsað vel um sig í vinnu en mætti vera oftár umbunað fyrir vel unnin störf.

2.3. Umbótaáætlun samkvæmt niðurstöðum innra- og ytra mats

Starfsfólk leikskólans mun halda áfram daglegu eftirliti með útisvæðinu. Það mun áfram tína upp rusl og nýta tækifæri til að efla umhverfisgreind barna og virkja þau til að láta sér annt um náttúruna, tína rusl og verða þar með umhverfislöggur.

Umbætur vegna heimsóknar Heilbrigðiseftirlitsins hafa verið settar í framkvæmd eða voru komnar í framkvæmd þegar eftirlitið mætti á staðinn. Klemmuvarnir hafa verið pantaðar á salernisbásana. Leikskólastjóri hefur ítrekað óskað eftir úrbótum á ofnum og ofnalögnum og mun halda því áfram. Húsumsjónarmaður hefur fengið ábendingu um að lykil vanti til að geta læst ræstikompunni og mun hann bregðast við því fljótt. Áður en eftirlitið kom hafði leikskólastjóri fengið í gegn breytingu á kastalanum og búið var að panta hlið sem sett verður þar sem fallhættan er.

Varðandi könnun fyrir foreldra þá hefur nú þegar verið lögð áhersla á að bæta upplýsingaflæði til foreldra. Deildarstjórar hafa lagt sig fram við að senda vikulega tölvupósta á foreldra og upplýsa hvað börnin hafa haft fyrir stafni og fleira. Eins hefur starfsfólk lagt sig fram við að taka vel á móti foreldrum og börnum þegar þau koma og fara. Áætlað er að undirbúa starfsfólk vel fyrir aðlögun næsta haust svo allir séu með á hreinu til hvers er ætlast af þeim.

Undirbúningur að flutningi milli heimastofa og yfir í Skarðshlíðarskóla verður spennandi að skoða og sjá hvaða lausnir við getum komið með í samstarfi við grunnskólann svo foreldrar upplifi sig meiri þátttakendur í því ferli. Bílastæðamálin getum við því miður lítið gert í. Foreldrar, foreldraráð og leikskólastjóri hafa reynt að koma því að inn á skipulagssviði bæjarins en það er mjög flókið að finna lausn á því.

Helstu atriði sem komu fram í Starfsmannakönnun og við getum brugðist við eru varðandi álag sem starfsfólk upplifði í vetur en þá er von okkar að það minnki þegar covid hættir að trufla okkur. Mannauðsdeild Hafnarfjarðar setti af stað verkefni varðandi styttingu vinnuvikunnar sem allir leikskólar Hafnarfjarðar taka þátt í. Áætlað er að fara í 36 stunda vinnuviku á næsta skólaári og gengur verkefnið m.a. út á að leikskólar hjálpist við að finna lausnir á útfærslum.

Stærð barnahópa er því miður ekki eitthvað sem leikskólinn fær ráðið um, það er í höndum þeirra sem fara með völdin í bænum hverju sinni. Það er einlæg ósk stjórnenda og starfsfólks að gert verði almennilegt átak í því að fækka börnum í leikskólum, því það er börnunum fyrir bestu.

Starfsfólk hefur verið hvatt til að leita til Öryggisteymis ef það upplifir að það sé lagt í einelti eða áreitt. Verið er að leggja lokahönd á Eineltisáætlun leikskólans og er stefnt að því að kynna hana fyrir starfsfólki í haust. Í framhaldi af því verður hún birt inni á heimasíðu leikskólans og gerð aðgengileg starfsfólki. Markmið leikskólans er að hér sé virkt lærdómssamfélag þar sem allir hafi

rödd og hafi og geti lagt til málanna. Því þarf að rýna betur í hvernig hægt sé að hvetja alla til að koma með sínar skoðanir og hugmyndir á framfæri í starfsmannahópnum og að valdefla fólk. Áætlað er að setja saman rýnihóp þar sem fulltrúar úr hverju stéttarfélagi, stjórnendur, leiðbeinendur og kennarar skoða hvernig við getum eftt þetta.

3. Áherslur í starfi leikskólans

3.1 Áherslur leikskólans næsta starfsár

Áherslur leikskólans næsta starfsár, aðrar en þær sem koma fram í umbótaáætlun.

1. Verkefni: Breytt dagskipulag

Markmið verkefnisins: Að auka samvinnu og flæði á milli heimastofa, gera hlutverk starfsfólks skýrari, nýta mannauðinn, samnýta rými, stækka svæði barna til frjáls leiks og auka fjölbreytni á efnivið og rýmum.

Leiðir að markmiði: Deildarstjórar hafa fundað reglulega saman í vor til að samræma dagskipulag og setja upp skýr hlutverk starfsfólks. Skipulagsdagur í maí var vel nýttur til að kynna vel fyrir starfsfólki nýtt skipulag og fá sameiginlegan skilning á því. Á næsta skólaári mun starfsfólk funda reglulega um innleiðinguna, hvað megi bæta og breyta, hvað gangi vel og svo framvegis.

Hver er ábyrgur: Deildarstjórar.

Hvernig og hvenær verður markmið metið: Mánaðarlega á starfsmannafundum með eigindlegu mati og skráð í fundargerðir. Á skipulagsdögum í janúar og maí 2023 með meginlegum aðferðum (spurningalistar) í bland við eigindlegar (umræða).

2. Verkefni: Hringekja

Markmið verkefnisins: Að vinna markvisst með Fjölgreindarkenningu Gardners. Nýta mannauðinn og efla í markvissu starfi. Auka lýðræði barna þar sem þau fá að flæða nokkuð frjálst um í verkefnum/leik sem þau kjósa sér. Fölga rýmum sem börnin geta verið í.

Leiðir að markmiði: Tvær samliggjandi heimastofur verða í mikilli samvinnu. Allir starfsmenn hafa ákveðið hlutverk í 2 vikur, ýmist með verkefni fyrir ákveðna greind eða sem aðstoð við börnin. Samliggjandi heimastofur funda einu sinni í mánuði og setja niður hlutverk hvers starfsmanns fyrir næsta mánuð.

Hver er ábyrgur: Deildarstjórar

Hvernig og hvenær verður markmið metið: Einu sinni í mánuði á heimastofufundum með skráningaformum og eigindlegum aðferðum sem skráðar eru í fundargerðir. Á skipulagsdegi í janúar og maí 2023 verður stærra mat þar sem fylltir verða út spurningalistar.

3. Verkefni: Matstofa

Markmið verkefnisins: Að fara aftur af stað með matstofu hugmyndafræðina, auka sjálfstæði, sjálfsbjörg og val barna og ýta undir lýðræði þeirra. Nýta mannauðinn og auka samvinnu á milli heimastofa.

Leiðir að markmiði: Matstofunefnd hefur fundað nokkrum sinnum í vor um innleiðingu á matstofunni og eru heimastofur farnar að prófa sig áfram. Í sumar/haust er áætlað að vera búíð að kaupa inn það sem nefndin telur að þurfi til að verkefnið geti farið af stað, svo sem

hentugan borðbúnað, borð fyrir hlaðborð og fleira. Undirbúa þarf starfsfólk og börn í smá skrefum.

Hver er ábyrgur: Matstofunefnd (einn fulltrúi frá hverri heimastofu auk aðstoðarleikskólastjóra).

Hvernig og hvenær verður markmið metið: Reglulega á heimastofufundum verður metið hvernig gangi og á skipulagsdögum í janúar og maí verður rýnt í hvernig gangi. Bæði verða nýttar eigindlegar og meginlegar matsaðferðir.

4. Verkefni: Uppeldi til ábyrgðar

Markmið verkefnisins: Halda áfram innleiðingu á Uppeldi til ábyrgðar. Setja okkur starfsmannasáttmála og heimastofusáttmála með börnunum.

Leiðir að markmiði: Á fyrsta skipulagsdegi haustannar verður upprifjun á Uppeldi til ábyrgðar og settur starfsmannasáttmáli. Vinnan við hann nýtist svo í hvernig gerður er sáttmáli með börnunum inn á hverri heimastofu.

Hver er ábyrgur: Aðstoðarleikskólastjóri ber ábyrgð á gerð starfsmannasáttmála og deildarstjórar á heimastofusáttmálum.

Hvernig og hvenær verður markmið metið: Starfsmannasáttmáli verður metinn á skipulagsdegi í janúar 2023. Heimastofusáttmálar og vinna með að viðhalda þeim verður metið reglulega yfir skólaárið á heimastofufundum og svo í mati í maí 2023.

4. Starfsmannamál

4.1. Starfsmannahópurinn 1. maí 2022

Starfsheiti	Fjöldi	Starfshlutfall	Menntun
Leikskólastjóri	1	1	Leikskólakennari / MS í Mannauðsstjórnun
Aðstoðarleikskólastjóri	1	1	Leikskólakennari
Sérkennslustjóri	1	1	Leikskólakennari
Deildarstjórnn	5	4	2 Leikskólakennarar 1 BA í Uppeldis- og menntunarfræði 1 Leikskólaskor 1 Leikskólaskor
Leikskóla sérkennari	1	1	Kennari, sérkennari
Aðstoðarleikskólakennari	1	0,81	Nemi í leikskólakennarafræðum
Háskólamenntaður starfsmaður A	3	2,5	B.Ed í leikskólakennarafræðum BA í Uppeldis- og menntunarfræði
Háskólamenntaður starfsmaður B	1	1	MS í Stjórn málafræði og mannauðsstjórnun
Háskólamenntaður starfsmaður B	1	1	BA í Viðskiptafræði
Leiðbeinendur Hlífar	14	11,58	Nemi í leikskólakennarafræðum, nemi í grunnskólakennarafræðum, Stúdentspróf og/eða grunnskólapróf

4.2 Starfsþróunarsamtöl

Starfsþróunarsamtöl fóru fram í mars 2022. Tilgangur þessara samtala er m.a. að heyra hvernig starfsfólki líður í vinnunni, hvernig því gangi í starfi, hvort það vilji efla sig í einhverju og hvað stjórnendur geti gert til að styðja það. Niðurstöður í samtölum sýndu að almennt væri starfsfólk ánægt í starfi en óneitanlega hafi verið mikið álag á köflum vegna covid, sumaropnunar, styttingu vinnuviku og almennra veikinda. Starfsandinn þykir almennt léttur og góður. Starfsmenn finna fyrir stuðningi og skilningi í starfi. Samvinna á milli heimastofa þótti stundum ábótavant og töldu sumir að samskipti mættu vera jákvæðari.

4.3 Símenntun frá síðasta ári

- Ragnhildur Vigfúsdóttir, Markþjálfari PCC & Certified Dare to Lead™ Facilitator. Stjórnendafræðsla *Dare to lead* - Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri.
- *Íslenski þroskalistinn* og *Smábarnalisti* - Sérkennslustjóri og aðstoðarleikskólastjóri
- *Hljóm-2* – Deildarstjóri og leikskólakennari.
- *Tras* – Deildarstjórar.
- Ráðgjafa og greiningarstöð. *Kennum nýja færni* – Sérkennslustjóri og deildarstjóri.
- Háskóli Íslands. *Hlutverk leiðtoga og stjórnenda í starfi* - Deildarstjóri og sérkennari

- Háskóli Íslands. *Hvernig á að efla og styrkja vinnumenningu fyrirtækja* - Deildarstjóri og sérkennari
- Háskóli Íslands. *Jákvæð sálfræði* - Deildarstjóri og sérkennari
- Trúnaðarmannanámskeið Hlífar – Trúnaðarmaður Hlífar starfsfólks leikskólans
- Stóri læsisdagurinn – Allir starfsmenn
- Dr. Helga Rut Guðmundsdóttir, prófessor í tónmennt á Menntavísindasviði HÍ. *Áhrif tónlistar á málþroska og heilastarfsemina*. – Allir starfsmenn
- Þóra Guðmundsdóttir, hjúkrunarfræðingur. Vinnuvernd. Skyndihjálparnámskeið – Allir starfsmenn
- Bjartey Sigurðardóttir, talmeinafræðingur. *Málþroski, læsi og leikskólabörn*. – Allir starfsmenn
- Ana Tepavcevic, íþróttakennari. *Hreyfiproski leikskólabarna* – Allir starfsmenn
- Elísabet Karlsdóttir, aðstoðarleikskólastjóri í Bjarkalundi. *Kynning á skipulagi matstofu*. – Allir starfsmenn
- Anna Dagbjört sérkennari. *Einhverfa*. – Allir starfsmenn
- Jóhanna Helgadóttir, deildarstjóri. *Fjölgreindarkenning Gardners og Hringekja*. – Allir starfsmenn
- Katrín Hildur Jónasdóttir, aðstoðarleikskólastjóri. *Upprifjun á Uppeldi til ábyrgðar og Okkar leiðir*. – Allir starfsmenn
- Katrín Hildur Jónasdóttir, aðstoðarleikskólastjóri. *Aðalnámskrá leikskóla og grunnþættir menntunar*. – Allir starfsmenn

Önnur símenntun, sú helsta utan símenntunaráætlunar:

- Einn starfsmaður lauk í vor Menntunarfræði leikskóla frá Háskóla Íslands.
- Einn starfsmaður er í meistaranámi við Háskóla Íslands í leikskólakennarafræðum.
- Þrjú starfsmenn í námi við Háskóla Íslands í leikskólakennarafræðum.
- Einn í námi við Háskóla Íslands í grunnskólakennarafræðum.
- Einn starfsmaður lauk námi frá Higher school of professional education í *Sensory Integration* (Samþætting skynjunar í starfi með börnum).
- Einn starfsmaður lauk kennaranámi í Yoga Nidra og hugleiðslu.

4.4 Áætlun um símenntun í leikskólanum

Símenntunaráætlun leikskólans (áherslur í fræðslu út frá umbótaáætlun, áherslum leikskólans og starfsþróunarsamtölum).

- Uppeldi til ábyrgða, grunnnámskeið - Deildastjórar
- Uppeldi til ábyrgðar, sáttmálagæð – Allir starfsmenn
- Eyþór Eðvarðsson, Þekkingarmiðlun. *Liðsheild* – Allir starfsmenn
- Elísa Guðnadóttir, Sálstofan. *Svefn barna* – Allir starfsmenn og foreldrar
- Brúin, kynning – Deildarstjórar
- Erindi frá Barnavernd Hafnarfjarðar – Allir starfsmenn
- Verndari barna, námskeið á vegum Barnaheill – Allir starfsmenn
- Innleiðing Barnasáttmála Sameinuðu Þjóðanna – Allir starfsmenn
- Tras námskeið – Einn deildarstjóri
- Önnur fræðsla, Kraganámskeið

5. Aðrar upplýsingar

5.1 Barnahópurinn 1. maí 2022.

- Fjöldi barna í leikskólanum: 77
- Kynjahlutfall: 46 drengir og 31 stúlkur
- Dvalarstundir: 775,88
- Deildargildi: 22,25
- Fjöldi barna sem nutu sérkennslu samkv. greiningarviðmiðum sérkennslu í 1. og 2. flokki: Átta börn.
- Fjöldi barna sem nutu sérkennslu með önnur þroskafrávik (málþroskafrávik, hegðunarfrávik, þroskafrávik, annað): 39 börn.
- Fjöldi barna með fæðuofnæmi og/óþol: 10
- Fjöldi barna með annað móðurmál en íslensku: 13
- Fjöldi tungumála: 8
- Þjóðerni forsjáraðila: Ísland, Arabíska, Enska, Pólland, Níger-Kordofanian, Rúmenía, Serbókratía og Ungverska.

5.2 Foreldrasamvinna

Þrír fulltrúar foreldra skipa foreldraráð leikskólans. Kosið var í foreldraráð á aðalfundi foreldrafélagsins í september 2021.

Foreldraráð starfar samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008.

Hlutverk foreldraráðs er:

Að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2 mgr. 5. gr. um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans.

Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum.

Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiriháttar breytingar á leikskólastarfi.

Sex foreldra sátu í stjórn foreldrafélagsins. Haldnir voru tveir foreldrafundir á skólaárinu, einn á haustönn og annar á vorönn. Félagið í samvinnu við leikskólann hélt sumarhátíð, greiddu fyrir jólaleiksýningu, keypti bækur sem jólasveinninn gaf börnunum á jólaballinu, lítil páskaegg fyrir páskaeggjaleit og gjafir fyrir útskriftarbörn.

Foreldraviðtöl voru haldin í febrúar og mars og gengu mjög vel. Foreldrum var boðið að koma í leikskólann eða vera á teams.

5.3 Samstarf leik- og grunnskóla

- Áætlun vetrarins.
- Samstarfsverkefni ef einhver eru.
- Nýjungar ef einhverjar eru.

Áætlað er að halda áfram með innleiðingu á Saman í takt. Vel hefur tekist til með verkefnið þrátt fyrir takmarkanir sem hafa ríkt í vetur. Nýr tónmenntakennari hefur verið ráðinn í grunnskólann og mun hann taka við tónlistastundum í leikskólanum, sameiginlegum verkefnum sem nú þegar eru komnar á koppinn og taka við keflinu varðandi samvinnu á milli skólastiganna. Vonast er til að hægt sé að stofna kór fyrir elstu börn leikskólans og þau börn í 1.bekk grunnskólans sem hafa

áhuga á. Eins er vilji til að heimastofur leikskólans geti eignast vinabekki sem hittast reglulega yfir veturinn. Leikskólastjórnendur munu hvetja starfsmenn til að nýta sér kaffistofu, íþróttahús og bókasafn grunnskólans.

5.4 Almennar upplýsingar

Skipulagsdagar Skarðshlíðarleikskóla:

- 12. september
- 09. janúar

Sameiginlegir skipulagsdagar leik- og grunnskóla:

- 14. nóvember
- 27. febrúar
- 19. maí

Starfsmannafundir í Skarðshlíðarleikskóla
Leikskólinn lokaður á milli 08:00 – 10:00

- 10. október
- 02. desember
- 10. mars
- 13. apríl

5.5 Áætlanir

Eftirtaldar áætlanir eiga að vera aðgengilegar á heimasíðu leikskólans

- Viðbragðsáætlun ef upp kemur grunur um:
 - einelti
 - ofbeldi
 - annað
- Viðbragðsáætlun við:
 - slysum
 - áföllum
 - heimsfaraldri
 - Annað
- Öryggisáætlanir
 - Rýmingaráætlun
 - Vinnuverndaráætlun
 - Öryggishandbók
- Móttökuáætlun (barna og starfsmanna)
- Jafnréttisáætlun skal skila sem viðhengi við áætlunina
<http://www.althingi.is/lagas/nuna/2008010.html>

Fylgirit

- Matsgögn
- Leikskóladagatal
- Umsögn foreldraráðs
- Annað

Hafnarfirði
01.07.2022

Leikskólastjóri